

## Aðalfundur Foreldrafélags Álfasteins haldinn 30.október 2023 kl. 20 í sal leikskólans.

### Dagskrá fundarins

1. Kynning á stjórn Álfavina
  2. Skýrsla stjórnar skólaárið 2022- 2023
  3. Reikningar lagðir fram
  4. Árgjald foreldrafélagsins
  5. Kosning stjórnar
  6. Önnur mál
1. Hugrún leikskólastjóri byrjaði fundinn á að sýna aðeins af heimasíðu leikskólans, en hún hefur verið uppfærð töluvert undanfarið, ýmsar gagnlegar upplýsingar þar að finna. Að því loknu tók stjórn foreldrafélagsins við og kynnti sig.
  2. Skýrsla stjórnar. Farið yfir verkefni foreldrafélagsins síðastliðinn vetur.
    - Jólabball á Melum fyrir leikskólabörn og fjölskyldur þeirra. Stúfur kom og gaf öllum mandarínur. Dansað í kringum jólatréð undir lifandi tónlist. Öll leikskólabörn fengu bók í jólagjöf.
    - Ávaxtanammi á öskudag
    - Rútuferð í kjarnaskóg
    - Gáfum öllum börnunum tannbursta í tengslum við uppsetningu starfsmanna á Karíus og Baktus
    - Sköfðuðum sólavörn
    - Sumarhátíðin. Álfavinir leigðu hoppukastala, ætluðu að standa fyrir tombólu ef yrði næg þátttaka, útveguðu pylsubrauð og útteildu pylsum á hátíðinni.
    - Sveitaheimsókn til Boggu. Buðum uppá kleinur og mjólk.
  3. Rekstrarreikningur fyrir tímabilið 1.okt 2022-30.sept 2023 lagður fram

### Tekjur

Foreldrafélagsgjöld 1. okt - 31. des	83.000
Foreldrafélagsgjöld 1. jan - 30. sept	141.170
Innvextir	383

### Eftirstöðvar

Staða í lok	81.995
-------------	--------

### Útgjöld

Jólabball - nasl	8.753
Jólagjafir	80.279
Kleinur v. fyrra tímabils	30.000
Fjármagnstekjuskattur	84
Öskudagurinn	6.225
Tannburstar	16.955
Sólarvörn	6.990
Sveitaferð	1.212
Vorhátíð	48.250
Rúta	65.000

4. Gjöld eru innheimt einu sinni í mánuði með leikskólagjöldum. Í dag er gjaldið 300 kr en það var lækkað úr 500 kr í Covid þar sem peningurinn safnaðist upp því það var lítið hægt að gera. Stjórn lagði til að gjaldið yrði hækkað aftur uppí 500 kr svo það sé hægt að gera meira fyrir börnin og hugsanleg fræðsluerindi fyrir foreldra. Tillagan samþykkt einróma.
5. Kosning nýrrar stjórnar. Tvær detta út, þær Brynhildur sem er flutt og Sigurbjörg sem gefur ekki kost á sér áfram. Óskað eftir framboðum og fjögur buðu sig fram: Jónas Davíð Jónasson, Jóhanna Margrét Gunnarsdóttir, Hugrún Pála Birnisdóttir, og Linda Margrét Gunnarsdóttir. Þau voru öll boðin velkomin til starfa í foreldrafélaginu. Auk þeirra starfa áfram í stjórn Eva Hilmarsdóttir, Sunna María Jónasdóttir, Sandra Malmquist Guðjónsdóttir, Lilja Dögg Guðnadóttir og Bergvin Stefánsson.